

N y i b æ r .

Jörö f Skeggjastaðahreppi, næst austan við Dalhús og Gæsagil, uppl. sem fyrr frá Þórarni í Steintúni, með smálagfæringum. Ef tekst að fá þetta endurbætt, verður það gert.

Bærinn var byggður fyrir 1840 og fór f eyði 1945, sumstaðar er hann og nefndur Jónsstaðir. Bærinn er byggður á austurbakka Gæsagilsár (1) f svæði því sem hét Prætutungur (2), um þetta svæði voru deilur milli Skeggjastaða og [redacted] Bakka. Það gekk landið þá undan Skeggjastöðum.

Nú verður farið utan frá inn með Gæsagilsá, Búðarhvammur (3), þá er aftur Bæjarhvammur (4) og Bæjarflói (5) og Bæjarhæð (6), sem er upp af bænum, þá er næst Kjarnagil (7) og Kjarnagilsflói (8). Um Kjarnagilsflóa rennur lækur, milli hans og Gæsagilsár myndast tunga, sem heitir Gæsatunga (9). Þá eru Vifðrar (10) þar á eyrum með ánni og Lématjörn (11).

Skálafjöll (12) eru þrjú fjöll, er alllangt inn f heiði, utan við þau renna Skotalækir (13). Austan við öll Skálafjöllin rennur Skálafjallalækur (14), kemur langt innan úr heiði, fellur f Hölkna (15) langt fyrir innan þeir. Í þennan læk fallur þverlækur (16) að vestan.

Þá inn með Skálafjallalæk að vestan, talið utan frá, Heiðarbúfháls (17), utan f hálsinum heitir Bæjarháls (18). Innan við þverlækinn fyrr nefnda er Fagrihvammur (19), þar er gren, sem heitir Fagrahvammsgren (20); á hálsinum eru Heiðarbúfhöll (21). Meðfram Skálafjallalæk að austan Kúaflói (22) er f hallanum inn af Hundsvatnshrygg (23) niður að læknum, þar er einnig Djúpatjörn (24). Austur af þessum hrygg er [redacted] Hundasvatn (25). Inn af honum er Hundsvatnshnúta (26), þá er Grenisás (27), austur af honum er þtburðardekk (28). Austur af henni Miðheiðarhryggur (29) og austur af honum Miðheiðarvatn (30).

Stafréfsskrá yfir Nýjabæjarörnefni:

Búðarhvammur	3	
Bæjarflói	5	
Bæjarháls	18	
Bæjarhvammur	4	
Bæjarhæð	6	
Fagrahvamsgren	20	
Fagrihvammur	19	
Grenisás	27	
Gæsagilsá	1	
Gæsatunga	9	
Heiðarpúfuháls	17	
Heiðarpúfuhöll	21	
Hundavatn	25	
—	Hundsvatnshryggur	23
—	Hundvatnshmúta	26
—	Hólkna	15
Kjarnagil	7	
Kjarnagilsflói	8	
Kúaflói	22	
Lómatjörn	11	
Miðheiðarhryggur	29	
Miðheiðarvatn	30	
Skálafjallalækur	14	
Skálafjöll	12	
Skotalækir	13	
Útburðardékk	28	
Víðrar	10	
Þverlækur	16	
Þrætutungur	2	

Nýibær

Skeggjastaðahreppi
N.-Múl.

1. Er vitað um tilefni nafnsins Kjarnagil?
2. Getur nafnið Skálaufjöll verið dregið af skálum í merkingunni hvilftir.
3. Er vitað um tilefni nafnsins Skotalækír?
4. Er Hölkna dregið af merkingunni hölkn = flatt berg?
5. Heitir Hunds- eða Hundavatn og er vitað um tilefni þess nafns?
6. Er sögn um Útburðardokk?